

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1880  
komudagur 16.4.2004

TÆKNIHÁSKÓLI  
ÍSLANDS  
Technical University of Iceland

Alþingi  
b.t. nefndarsviðs  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. apríl 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands**

Tækniháskóli Íslands styður frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands.

Ljóst er að háskólasamfélagið á Íslandi hefur vaxið ört undanfarin ár og starfsumhverfi háskólanna tekið breytingum sem m.a. einkennast af aukinni samkeppni. Aukin áhersla hefur verið lögð á að sækja um verkefnabundna styrki, gera kostunarsamninga við fyrirtæki eða vinna að tímabundnum verkefnum. Í síbreytilegu umhverfi nútímans er æskilegt að stuðla að auknum sveigjanleika í rekstri og starfsmannahaldi og því er afar mikilvægt að Tækniháskólinn fái heimild til að ráða kennara og starfsmenn til vísinda- og fræðastarfa, tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára í senn og jafnframt að ráða í tímabundin sérverkefni án formlegra auglýsinga.

Að mati Tækniháskólans stuðlar frumvarpið að auknum sveigjanleika í starfsemi skólans sem gerir honum betur kleift að bregðast við aukinni samkeppni og uppfylla þær gæðakröfur sem gerðar eru til háskóla á Íslandi.

Virðingarfyllst

  
Stefanía Katrín Karlsdóttir  
Rektor